

Teymisstjóri

Fulltrúi skólans stjórnar teyminu, nema annað sé ákveðið.

Teymisstjóri:

- Sér um fundarboðun og fundarstjórn
- Sér um eða útdeilir verkefnum til annarra starfsmanna skólans s.s. að safna nauðsynlegum upplýsingum fyrir fundina
- Heldur utan um öll gögn varðandi barnið þ.m.t. skýrslur og greiningargögn
- Hefur yfirumsjón með gerð einstaklingsnámskrár eða felur það öðrum starfsmanni skólans
- Ber ábyrgð á að annað starfsfólk skólans sem hefur með málefni barnsins að gera fái nauðsynlegar upplýsingar um það
- Skrifar sjálfur eða felur öðrum starfsmanni að skrifa fundargerðir og senda út til allra í teyminu. Á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu www.arnesthing.is, má finna eyðublað sem ætlað er fyrir fundargerðir teymis

Kostir teymisvinnu

- Bætt líðan og betra námsgengi barna
- Allt utanumhald verður auðveldara
- Aukin samvinna allra aðila sem að málefnum barnsins koma
- Aukið samræmi í aðgerðum allra hlutaðeigandi
- Aukið aðhald fyrir skóla og foreldra
- Markvissari og árangursríkari vinna með barnið
- Betri eftirfylgni



Útgefið af Skóla- og velferðarþjónustu
Árnesþings, www.arnesthing.is

**Skóla- og
velferðarþjónusta
Árnesþings**

**Teymisvinna í
skólum**



**Blöðungur vegna teymisvinnu
í leik- og grunnskólum**

Teymisvinna í leik- og grunnskólum

Af hverju teymisvinna?

Velgengni barna með sérþarfir er að miklu leyti háð samvinnu foreldra, skóla og hinna ýmsu fagaðila er tengjast málum barna.

Lög um leik- og grunnskóla kveða á um eftirlitshlutverk sérfræðipjónustu skóla vegna barna með sérþarfir. Í samræmi við það hafa sérfræðingar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings lagt áherslu á að í skólunum séu mynduð teymi í kringum þau börn sem þurfa stuðning vegna fatlana, námserfiðleika og / eða hegðunar. Stuðningur getur verið veittur tímabundið eða til lengri tíma.

Megintilgangur teymisins er að halda utan um vinnu með barnið í skólanum til að tryggja markvissari samvinnu allra aðila.

Hvað gerir teymið?

- Heldur utan um mál barnsins og samræmir aðgerðir heima og í skólanum
- Setur markmið varðandi kennslu barnsins og hefur áhrif á hvernig meta skuli árangur
- Tekur þátt í mótun og endurskoðun einstaklingsnámskrár
- Með virkri þátttöku allra í teyminu finnur það leiðir til að bæta hegðun, líðan, félagslega aðlögun og námsárangur barnsins
- Heldur reglulega fundi og fer yfir stöðu barnsins í skólanum og nærumhverfi þess. Misjafnt er hversu tíðir teymisfundir eru og fer það eftir eðli málsins hverju sinni
- Kallar til utanaðkomandi aðstoð eða ráðgjöf annarra aðila sem ekki sitja reglulega teymisfundu

Hverjir sitja í teymi?

Í teymi sitja foreldrar barns, umsjónarkennari, deildarstjóri, sérkennari og sérfræðingur frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Samsetning teymis fer þó einnig eftir þörfum hverju sinni.

Auk áðurnefndra geta fleiri aðilar komið að teyminu. Má þar nefna fleiri úr fjölskyldu barnsins, frá skólanum og / eða öðrum stofnunum er tengjast barninu og fjölskyldu þess.

